

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 66/2011**2011/EES/54/08****frá 1. júlí 2011****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2011 frá 1. apríl 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/139/EB frá 25. nóvember 2009 varðandi lögboðnar áletranir á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/139/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 93/34/EBE ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Textinn í lið 45n (tilskipun ráðsins 93/34/EBE) í I. kafla II. viðauka hljóði svo:

„**32009 L 0139**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/139/EB frá 25. nóvember 2009 varðandi lögboðnar áletranir á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum (Stjtíð. ESB L 322, 9.12.2009, bls. 3)“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/139/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. júlí 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. júlí 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 171, 30.6.2011, bls. 7, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 37, 30.6.2011, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 322, 9.12.2009, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtíð. EB L 188, 29.7.1993, bls. 38.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.